

Arinbjörn Vilhjálmsson Skipulagsstjóri.
Ráðhús Garðabæjar
Garðatorgi 7
Garðabæ.

Hafnarfjörður 19.10.2016.

Erindi: Garðahraun (Prýði). Tillaga að breytingum deiliskipulags

Méð bréfi þessu og tilvísunum í eftirfarandi bókanir annarsvegar Skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar frá 22.09.2016 og hinsvegar bókun bæjarsjórnar frá 12.10.2016 vill undirritaður koma á framfæri f.h. skipulags- og umhverfisþjónustu Hafnarfjarðar mótmælum við breytingu á deiliskipulagi Garðahrauns.

Á fundi Skipulags- og byggingarráðs var eftirfarandi bókað:

Herjólfstraup, tenging við Álftanesveg – 1510326

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar mótmælir harðlega fyrirhuguðum breytingum á lokun Herjólfsgötu við Garðahraunsveg (gamla Álftanesveg) sem kemur fram í auglýsingu um tillögu að breyttu deiliskipulagi Garðahrauns.

Tillagan er hvorki í samræmi við gildandi aðalskipulag Garðabæjar né eru gögn sem styðja við þessa ákvörðun, eins og umferðargreining eða umferðatalning.

Nái tillagan fram að ganga mun hún hafa áhrif á fjölmarga íbúa Hafnarfjarðar, Garðabæjar, vist- og starfsmenn Hrafnistu auk þess sem viðbragðstími slökkvi- og sjúkraliðs lengist verulega inn á þetta svæði. Skipulags- og byggingarráð skorar á bæjaryfirvöld í Garðabæ að falla frá fyrirhuguðum breytingum.

Jafnframt felur skipulags- og byggingarráð umhverfis- og skipulagsþjónustu að vinna greinargerð og athugasemdir vegna fyrirbyggjandi tillögu í samræmi við auglýstan athugasemdafrest.

Á fundi Bæjarstjórnar var eftirfarandi bókað:

Herjólfstraup, tenging við Álftanesveg - 1510326

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar mótmælir harðlega fyrirhuguðum breytingum á lokun Herjólfstraugar við Garðahraunsveg (gamla Álftanesveg) eins og fram kemur í auglýsingu um tillögu að breyttu deiliskipulagi Garðahrauns frá 7. sept s.l..

Fyrirliggjandi tillaga sem gerir ráð fyrir talsverðum breytingum á m.a. umferðartengingum er lögð fram án nokkurs samráðs né úttektar á umferðarmálum svæðisins.

Nái tillagan fram að ganga mun umferð aukast stórlega í gegnum íbúðahverfi Norðurbæjar og hafa veruleg áhrif á heimilis- og starfsmenn Hrafnistu auk þess sem viðbragðstími sjúkra- og slökkviliðs lengist verulega inn á það svæði og nyrðri hluta Hafnarfjarðar.

Í fyrirbyggjandi tillögu eru t.d. gerðar breytingar á umferðarmannvirkjum sem eiga sér ekki stoð í gildandi Aðalskipulagi Garðabæjar. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skorar á bæjaryfirvöld í Garðabæ að falla frá fyrirhuguðum breytingum.

Til máls tekur bæjarfulltrúi Ólafur Ingi Tómasson.

Framlögð bókun er samþykkt með 11 samhljóða atkvæðum.

Fyrirhönd Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar skal bent á eftirfarandi.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016 er Herjólfsgata tengibraut, sem liggur vestan megin við og um svæði það sem deiliskipulagsbreytingin nær til. Jafnframt eru á deiliskipulagsuppdraetti gerðar verulegar breytingar á tengibrautakerfi því sem aðalskipulag Garðabæjar 2004-2016 sýnir. Með vísan til 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga 123/2010, verður ekki



annað séð, en að hér sé um verulega breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016 að ræða og hvergi er að finna í gögnum málsins að hún sé auglýst samhliða. Við yfirferð á auglýstri tillögu og samanburð við landnotkunaruppdrátt aðalskipulags Garðabæjar 2004-2016 verður ekki betur séð en að ósamræmi sé á milli væntanlegra legu Herjólfabrautar (tengibraut) og hvernig hún á að tangjast inn á það sem nefnt er „aðrir vegir“. Þessi óskýrleiki veldur því að afmörkun deiliskipulagssvæðisins er trúlega rangt, og kallar jafnframt á víðtækari breytingu á aðalskipulagi/deiliskipulagi en fyrirbyggjandi tillögur að breytingu gera grein fyrir. Þessu til viðbótar má geta þess að í skipulagskilmálum dags. 30.08.2016, er hvergi fjallað um þær veiga miklu breytingar sem gerðar eru á umferðartengingum svæðisins. Lega svæðisins að mörkum Hafnarfjarðar og sú mikla umferð sem t.d. stofnanir eins og Hrafnista kalla á vegna starfsemi og þjónustu um Herjólfsgötu er algjörlega litið fram hjá. Það er mat undirritaðs að taka beri tillögu þessa að breyttu deiliskipulagi til algjörRAR endurskoðunar, jafnframt er vísað til bókunar Skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar frá 2.09.2016 s.l. og bókunar bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 12.10.2016 s.l. frá

Virðingarfyllst

Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi.